

Hafnarfirði, 25. september 2020

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Ég vil byrja á því að þakka fyrir góða viku, ró ykkar og dugnað í náminu, þrátt fyrir ákveðnar takmarkanir og grímuskyldu í skólanum.

Ég minni hér með á fyrirkomulag kennslu í næstu viku, staðnám ákveðinna greina aðra hverja viku. Nú er aftur komið að **sögu og félagsgreinum, viðskipta- og hagfræðigreinum, stærðfræði, raungreinum, íþróttfræði og hámarki nýnema.**

Í næstu viku munum við bjóða upp á **stærðfræðiver, nokkurs konar aukatíma í stærðfræði nemendum að kostnaðarlausu.** Fyrsti tíminn í stærðfræðiveri verður **þriðjudaginn 28. september kl. 15:50-16:50 í stofu M309.** Ég hvet ykkur til að nýta þessa þjónustu enda einstakt tækifæri til að klára að reikna skiladæmi eða undirbúa sig fyrir næsta hlutapróf.

Við þurfum áfram að huga að sóttvörnum, handþvotti, sprittun og fjarlægðarmörkum og **vera með grímu.** Þannig getum við haldið skólastarfinu gangandi, þ.e. haldið áfram að koma í tíma.

Að lokum, stutt skilaboð til ykkar frá **NFF.** Nú fer undirbúningur fyrir Morfís og Gettu betur að hefjast og fyrsta golfmót í sögu NFF fer fram um næstu helgi, eða þann 3. október. Búið er að auglýsa skráningu fyrir mótið og stefnir í góða þátttöku og það er frábært!

Góða helgi og áfram Flensburg!

Með bestu kveðju,

Erla

---

Erla S. Ragnarsdóttir  
Skólameistari Flensborgarskóla  
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland  
[www.flensburg.is](http://www.flensburg.is)  
S: +354 565 0400